



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 14/2026

**Upplýsingagjöf og viðskiptahættir Isavia Innanlandsflugvalla ehf.
vegna gjaldskyldra bílastæða.**

I.

Málavextir

1. Með bréfi Neytendastofu til Isavia Innanlandsflugvalla ehf., dags. 3. nóvember 2025, var félaginu tilkynnt að stofnunin hafi ákveðið að framkvæma úttekt á upplýsingagjöf og viðskiptaháttum fyrirtækja sem sinna gjaldheimtu fyrir bílastæði. Hafi stofnunin í því tilefni farið í vettvangsathugun á landsbyggðinni, dagana 3. til 26. september 2025.
2. Þau bílastæði sem rekin eru af Isavia Innanlandsflugvöllum og skoðuð voru í fyrrnefndri vettvangsathugun eru staðsett á Akureyrarflugvelli og Egilsstaðaflugvelli. Í kjölfarið var gerð grein fyrir skoðun Neytendastofu á eftirfarandi hátt:

Bílastæði á Akureyrarflugvelli:

„Við skoðun á bílastæðinu kom í ljós að ekki var getið til um fjárhæð færslugjalds sem leggjast kann á neytendur við greiðslu fyrir afnot bílastæðis með stafrænni greiðslulausn. Þá kom einnig í ljós að á gjaldsvæðinu var að finna stórt upplýsingaskilti þar sem fram kom að sjálfvirk gjaldtaka eigi sér stað eftir fyrstu 14 klukkustundirnar án þess að fram kæmu upplýsingar um hvort virkja þurfi þjónustuna sérstaklega eða að einhver gjöld leggist á viðverugjaldið við að nýta sjálfvirku gjaldtökuna. Að mati Neytendastofu kemur til álita hvort það kunnir að vera villandi gagnvart neytendum ef sérstaklega þarf að virkja þjónustuna eða einhver gjöld, að undanskyldu viðverugjaldi, komi til greiðslu við nýtingu þjónustunnar. Óskar stofnunin því eftir upplýsingum um hvort virkja þurfi þjónustuna sérstaklega og hvort einhver gjöld leggist á neytendur við að nota sjálfvirku gjaldtökuna.“

Bílastæði á Egilsstaðaflugvelli:

„Við skoðun á bílastæðinu kom í ljós að ekki var getið til um fjárhæð færslugjalds sem leggjast kann á neytendur við greiðslu fyrir afnot bílastæðis með stafrænni greiðslulausn. Þá kom einnig í ljós að á gjaldsvæðinu var að finna stór upplýsingaskilti þar sem fram kom



að sjálfvirk gjaldtaka eigi sér stað eftir fyrstu 14 klukkustundirnar án þess að fram kæmu upplýsingar um hvort virkja þurfi þjónustuna sérstaklega eða að einhver gjöld leggist á viðverugjaldið við að nýta sjálfvirku gjaldtökuna. Að mati Neytendastofu kemur til álita hvort það kunni að vera villandi gagnvart neytendum ef sérstaklega þarf að virkja þjónustuna eða einhver gjöld, að undanskyldu viðverugjaldi, komi til greiðslu við nýtingu þjónustunnar. Óskar stofnunin því eftir upplýsingum um hvort virkja þurfi þjónustuna sérstaklega og hvort einhver gjöld leggist á neytendur við að nota sjálfvirku gjaldtökuna.“

3. Það sé álit Neytendastofu að ákvæði 1. mgr. 8. gr., b. og d. liðar 1. mgr. 9. gr., 2. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr., 13. gr. og 17. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, ásamt 1. og 2. mgr. 3. gr. og 1. og 3. mgr. 4. gr. reglna nr. 537/2011, um verðupplýsingar við sölu á þjónustu kunni að eiga við um ofangreinda viðskiptahætti.
4. Óskaði Neytendastofa í kjölfarið eftir skýringum og/eða öðrum athugasemdum félagsins við erindi stofnunarinnar.
5. Ekkert svar barst við erindi stofnunarinnar og var efni þess ítrekað með bréfi, dags. 1. desember 2025.
6. Svar Isavia Innanlandsflugvalla barst Neytendastofu með tölvubrési, dags. 15. desember 2025. Í svarbréfinu kom fram að umfjöllunin eigi bæði við um Akureyrar- og Egilsstaðaflugvöll og vísaði félagið til þess að fyrirkomulag fyrir notkun bílastæða og upplýsingagjöf því tengd sé eins í báðum tilvikum.
7. Í fyrsta kafla umfjöllunarinnar sem ber fyrirsögina „þarf að virkja þjónustuna sérstaklega“ kemur fram að mæling á tímalengd viðveru á bílastæðum hefst við það að myndavél tekur mynd af númeraplötu þess ökutækis sem keyrir inn á svæðið. Ökutæki eru skráð út af svæðinu með sama hætti. Þetta komi skýrlega fram að mati Isavia Innanlandsflugvalla á skiltum sem staðsett eru á svæðinu og vísar félagið til þess að á skiltunum segir nánar tiltekið, á íslensku og á ensku, „myndavélar skrá ökutæki inn og út“. Að mati félagsins megi það vera ljóst að skráning ökutækis inn og út sé framkvæmd í þeim tilgangi að mæla viðverutíma bifreiða inn á bílastæðunum til að ákveða mögulega greiðsluskyldu enda megi á sama skilti finna upplýsingar um gjaldtöku fyrir notkun á bílastæðunum út frá tímalengd viðveru, umfram fyrstu 14 klukkustundirnar. Þá veiki félagið sérstaka athygli á því að fyrstu 14 klukkustundirnar eru fríar. Þá megi finna viðbótarupplýsingar um virkni númeramyndavélanna á vefsíðu félagsins sem er tilgreind á skiltunum ásamt QR kóða sem leiðir viðkomandi inn á sömu síðu. Þar séu að sögn félagsins upplýsingar í fimm töluliðum undir „hvornig greiði ég fyrir stæði?“ sem lýsa ferlinu skref fyrir skref. Þar kemur fram að viðkomandi keyri inn á stæði og myndavélakerfið taki mynd af bílnúmerinu sem



sé einnig gert þegar viðkomandi keyrir út. Þá er greiðslutilhögun lýst með nánari hætti eftir því hvort viðkomandi sé með reikning hjá Autopay eða ekki og eftir því hvort greitt sé innan eða eftir 48 klst. frá útakstri.

8. Auk framangreinds kom fram í fyrsta kafla bréfsins að félagið telji þær upplýsingar sem fram koma á skiltunum nægilega skýrar og greinilegar til að notendum þjónustunnar sé ljóst hvernig fyrirkomulag þjónustunnar og gjaldtöku vegna hennar sé háttað. Þá kom fram að félagið hafi hins vegar í kjölfar ákvörðunar Neytendastofu nr. 20/2025 endurnýjað skiltin á Reykjarvíkurflugvelli, Akureyrarflugvelli og Egilsstaðaflugvelli með það fyrir augum að tryggja enn betur, og í samræmi við niðurstöðu Neytendastofu, að upplýsingarnar sem fram komi séu á engan hátt villandi fyrir neytendur enda standi vilji félagsins nú sem fyrr til þess. Þá kom fram að á endurnýjuðum skiltum á Reykjarvíkurflugvelli komi hugtakið „sjálfvirkt“ hvergi fram og að ætlun félagsins sé sú að skiltin á Akureyrar- og Egilsstaðaflugvelli verði eins hvað það varðar. Fyrir mistök hafi láðst að taka út „sjálfvirkt“ fyrir framan „gjaldtaka eftir fyrstu 14 klukkustundirnar“ á þremur af sex skiltum á Akureyri og tveimur af fjórum skiltum á Egilsstöðum. Fram kom að bætt verði úr því með tímabundinni lausn, þ.e. prentaðir hafa verið gulir borðar sem verði límdir yfir „sjálfvirk gjaldtaka eftir fyrstu 14 klukkustundirnar“ en á þeim standi „gjaldtaka eftir fyrstu 14 klukkustundirnar“. Borðarnir verði límdir á skiltin eigi síðar en 16. desember, en útlit skiltanna í kjölfar þess megi sjá á fylgiskjali með svarbréfinu. Þá kom fram að félagið muni upplýsa Neytendastofu þegar úrbæturnar hafa átt sér stað og senda myndir því til staðfestingar.
9. Þá kom fram að á myndum meðfylgjandi svarbréfinu megi sjá önnur skilti á flugvöllum þar sem ekki er vísað í „sjálfvirka“ gjaldtöku en notendum bent á að um gjaldskylt svæði sé að ræða og þeir minntir á að greiða fyrir þjónustuna.
10. Með vísan til ofangreinds, að teknu tilliti til þeirra úrbóta sem félagið hafi gert frá því að vettvangsathugun Neytendastofu átti sér stað, og mun gera, telji félagið að upplýsingar um fyrirkomulag þjónustunnar feli ekki í sér óréttmæta eða villandi viðskiptahætti og brjótí ekki í bága við 1. mgr. 8. gr. og 2. mgr. 9. gr. laga nr. 57/2005, né önnur ákvæði laganna.
11. Í öðrum kafla umfjöllunarinnar sem ber fyrirsögnina „Gjöld í tengslum við þjónustuna“ kemur fram að á fyrrnefndum skiltum séu upplýsingar um fyrirkomulag gjaldtöku vegna notkunar á bílastæðum flugvallanna. Þar komi skýrt fram að fyrstu 14 klukkustundirnar séu fríar og eftir 14 klst. fyrsta sólarhring sé gjaldið 1.750 kr. Fyrir hvern heilan dag til viðbótar sé gjaldið 1.750 kr. en fyrir hvern dag eftir 7 daga 1.350 kr. og eftir 14 daga 1.200 kr. Þá var jafnframt tekið fram, með feitletruðum stöfum, að sé ekki greitt innan 48 klst.



eftir útkeyrslu, bætist við þjónustugjald að fjárhæð 1.490 kr. Þessi texti hefur að sögn Isavia Innanlandsflugvalla verið stækkaður og gerður hluti af gjaldskrá í kjölfar ákvörðunar Neytendastofu nr. 20/2025. Þá kom fram að ef ekki sé greitt innan 48 klst. eftir útkeyrslu, í gegnum Autopay eða Parka, fái viðkomandi sendan greiðsluseðil í heimabanka. Fram kom að þessar upplýsingar, ásamt nánari skýringum á fyrirkomulagi gjaldtöku megi einnig finna á vefsíðum félagsins, www.aeyparking.is og www.egsparking.is, sem vísað er til á skiltunum ásamt QR kóða sem leiðir á sömu vefsíður.

12. Þá kom fram að notendur bílastæðanna geti valið hvort þeir greiði í gegnum Autopay, annað hvort á vefsíðunni autopay.io eða í gegnum Autopay smáforritið, Parka eða í gegnum heimabanka. Í síðastnefnda tilvikinu er bætt við þjónustugjaldi líkt og fram kemur á skiltunum. Autopay lausnin bjóði, að sögn félagsins, viðskiptavinum upp á að tengja ökutæki sitt við Autopay reikning og kveikja á sjálfvirkum greiðslum en engin þjónustugjöld leggjast á greiðslur sem framkvæmdar séu í gegnum Autopay.
13. Fram kom í svari Isavia Innanlandsflugvalla að viðskiptavinir Parka lausna ehf. („Parka“) geti nýtt sér Parka smáforritið til að greiða fyrir notkun á bílastæðunum. Þegar viðskiptavinir Parka skrá notkun sína í smáforritinu eru viðskiptakröfur Isavia Innanlandsflugvalla vegna veittrar þjónustu færðar frá viðkomandi notanda yfir á Parka. Viðkomandi viðskiptavinur greiðir Parka fyrir notkun á stæðunum og Parka greiði síðan reikning frá félaginu. Þá kom einnig fram að engin þjónustugjöld leggist á greiðslur til félagsins þegar viðskiptavinur notar Parka smáforritið. Á grundvelli viðskiptasambands milli Parka og viðkomandi viðskiptavinar geti þó bæst við færslugjald á greiðslu viðskiptavinarins til Parka. Þá kom fram að færslugjaldið sé mismunandi eftir því hvernig samningssambandi viðskiptavinarins til Parka sé háttað og að samkvæmt upplýsingum á vefsíðu Parka, www.parka.is, sé bæði boðið upp á mánaðarlega áskrift og að greiða fyrir stakar færslur. Fyrirnefndar þóknarir séu fyrir þjónustu Parka og greiðist ekki til félagsins.
14. Félagið leggi áherslu á að viðskiptavinir Parka eiga í sjálfstæðu viðskiptasambandi við Parka og greiði Isavia ekki beint fyrir veitta þjónustu. Félaginu ber þannig ekki að mati þess skylda, á grundvelli laga nr. 57/2005 eða reglna nr. 537/2011, til að kynna notendum bílastæða félagsins öll möguleg færslugjöld þriðju aðila sem leggjast kunna á þegar viðskipti eiga sér stað. Þá kom fram að jafnframt megi ætla að viðskiptavinum Parka hafi verið kynntir greiðsluskilmálar Parka við skráningu á notkun á þjónustunni eða í hið minnsta telji félagið ljóst að sú upplýsingaskylda hvíli á Parka en ekki félaginu. Þannig ættu þeir neytendur sem kjósa að nýta þjónustu Parka þegar að vera meðvitaðir um slík þjónustugjöld áður en þeir kjósa að nota bílastæðapjónustu félagsins. Til viðbótar við framangreint kom fram að félagið fái ekki vitneskju um breytingar sem kunna að vera



gerðar á greiðsluskilmálum Parka og því ákveðinn ómöguleiki til staðar fyrir félagið að greina frá þjónustugjöldum Parka, ef við á, hverju sinni.

15. Félagið benti einnig á að í athugasemdum við 23. gr. frumvarps til eldri samkeppnislaga nr. 8/1993, sem var efnislega samhljóða eldri 9. gr. laga nr. 57/2005, eins og ákvæðið var við gildistöku laganna, komi fram að við mat á upplýsinga- og leiðbeiningaskyldu hvers sölustigs verði að taka tillit til þeirra möguleika sem fyrir hendi eru á viðkomandi sölustigi til að veita nauðsynlegar leiðbeiningar. Þrátt fyrir að 9. gr. laga nr. 57/2005 hafi tekið talsverðum breytingum telji félagið að enn þurfi að líta til möguleika á að veita tilteknar upplýsingar. Að mati félagsins renni þetta enn frekari stoðum undir það að ótækt sé að ætlast til þess að félagið veiti upplýsingar um gjaldtöku af hálfu Parka, sér í lagi þar sem notendur geta ekki nýtt þjónustu Parka nema þeir eigi í samningssambandi við Parka og ættu þ.a.l. að vera meðvitaðir um þá skilmála sem um viðskiptasambandið gilda.
16. Þá vísaði félagið til þess að í ákvörðun Neytendastofu nr. 20/2025 hafi Neytendastofa komist að þeirri niðurstöðu að félagið hefði m.a. gerst brotlegt við ákvæði 1. mgr. 4. gr. reglna nr. 537/2011. Félagið telji að lesa þurfi ákvæðið í samhengi við 2. mgr. 4. gr. reglnanna sem kveði á um hvað skuli gera í þeim tilvikum sem fjöldi þjónustumöguleika geri „seljanda“ ókleift að birta tæmandi verðskrá. Félagið áréttar að Isavia Innanlandsflugvellir sé ekki seljandi þjónustu Parka og því hvíli framangreind skylda að mati félagsins ekki á því.
17. Þá kom fram að sem fyrr segir sé sendur greiðsluseðill í heimabanka viðkomandi að liðnum 48 klst. frá útakstri, hafi ekki þegar verið greitt fyrir þjónustuna, og þá bætist við þjónustugjald að fjárhæð 1.490 kr., líkt og komi skýrt fram með feitletruðum stöfum á skiltunum á bílastæðunum. Þá kom fram að skiltin voru endurnýjið í kjölfar ákvörðunar Neytendastofu nr. 20/2025 og textinn um þjónustugjaldið stækkaður auk þess sem hann var færður og gerður hluti af verðskránni. Félagið telji framangreindar upplýsingar í kjölfar endurnýjunar á skiltunum skýrar og greinilegar.
18. Í ljósi alls ofangreinds telji félagið að upplýsingarnar brjóti ekki í bága við ákvæði laga nr. 57/2005 né reglur nr. 537/2011. Þá kom fram að lokum skuli því haldið til haga að félagið bíði eftir niðurstöðu áfrýjunarnefndar neytendamála, sem hafi fyrrgreinda ákvörðun Neytendastofu til meðferðar og muni, ef tilefni verði til, endurskoða skiltin í kjölfar niðurstöðu nefndarinnar.
19. Með tölvubréfi Isavia Innanlandsflugvalla, dags. 16. desember 2025, til Neytendastofu var stofnunin upplýst um að breytingar höfðu verið gerðar á skiltum, á Akureyrar- og Egilsstaðafflugvelli og hafi sú breyting falið í sér að hvergi sé vísað í sjálfvirka gjaldtöku á skiltunum. Þá var stofnunin upplýst um að sökum veðurskilyrða hafi ekki náðst að breyta



skilti á Akureyrarflugvelli, en vegna frosts límdist guli borðinn, með uppfærða textanum, ekki á skiltið. Borðinn verði límdur á um leið og aðstæður leyfi. Þá fylgdi tölvubréfinu myndir sem sýndu útlit þeirra skilta sem höfðu verið breytt.

20. Með bréfi Isavia Innanlandsflugvalla, dags. 19. desember 2025, var stofnunin upplýst um að félagið hafi þann 18. desember náð að festa gula borðann með uppfærðum texta á síðasta skiltið við Akureyrarflugvöll. Meðfylgjandi bréfinu var mynd af umræddu skilti.
21. Með bréfi Neytendastofu, dags. 12. mars 2026, var félaginu tilkynnt um að gagnaöflun málsins væri lokið og að málið yrði tekið til ákvörðunar hjá stofnuninni.

II. Niðurstaða.

22. Mál þetta lýtur að upplýsingagjöf og viðskiptaháttum Isavia Innanlandsflugvalla ehf. að því er varðar upplýsingar í tenglum við gjalddöku fyrir bílastæði á Akureyrar- og Egilsstaðaflugvelli. Taldi stofnunin að ákvæði 1. mgr. 8. gr., b. og d. liður 1. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr., 13. gr. og 17. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, auk 3. og 4. gr. reglna nr. 537/2011, um verðupplýsingar við sölu á þjónustu kynnu að eiga við í málinu.
23. Í svörum félagsins hefur félagið m.a. vísað til þess að á skiltum þess komi fram að myndavélar skrái ökutæki inn og út og megi vera ljóst að skráningin sé til þess að mæla viðverutíma á bílastæðunum enda sé á sama skilti að finna upplýsingar um gjalddöku fyrir notkun bílastæða út frá tímalengd viðveru. Þá megi finna viðbótarupplýsingar um virkni númeramyndavélanna á vefsíðu félagsins sem er tilgreind á skiltum ásamt QR kóða sem leiðir viðkomandi inn á sömu síðu. Í kjölfarið benti félagið á að á vefsíðu þess séu upplýsingar í fimm tölulíðum undir „hvernig greiði ég fyrir stæði“ sem lýsi ferlinu skref fyrir skref. Þá kom fram að Isavia Innanlandsflugvellir hafi í kjölfar ákvörðunar Neytendastofu nr. 20/2025 endurnýjað skilti á Reykjavíkur-, Akureyrar- og Egilsstaðaflugvelli, en fyrir mistök hafi láðst að taka út „sjálfvirk“ fyrir framan „gjaldtaka eftir fyrstu 14 klukkustundirnar“.
24. Ákvæði 5. gr. laga nr. 57/2005 legur almennt bann við óréttmætum viðskiptaháttum, áður en, á meðan og eftir að viðskipti með vöru fer fram eða þjónusta er veitt. Hvað teljist til óréttmætra viðskiptahátta er nánar tilgreint í III. – V. kafla laganna. Í 1. mgr. 8. gr. er um það fjallað að viðskiptahættir séu óréttmætir ef þeir brjóta í bága við góða viðskiptahætti og raska verulega, eða eru líklegir til að raska verulega, fjárhagslegri hegðun neytenda. Samkvæmt 2. málsl. 1. mgr. 8. gr. eru þeir viðskiptahættir sem brjóta í bága við ákvæði III. kafla alltaf óréttmætir. Við mat á því hvort um óréttmæta viðskiptahætti sé að ræða skv.



ákvæðinu er litið til þess hvort háttsemin geri það að verkum að hinn almenni neytandi taki ákvörðun um að eiga viðskipti sem hann hefði ekki tekið og raski þar með fjárhagslegum hagsmunum hans eða hafi áhrif á fjárhagslega hegðun. Í 2. mgr. 9. gr. kemur fram að viðskiptahættir séu villandi ef ekki er greint frá upplýsingum sem telja megj að almennt skipti máli fyrir neytendur og þær eru til þess fallnar að hafa áhrif á ákvörðun neytenda um að eiga viðskipti.

25. Við skoðun Neytendastofu á bílastæðum Isavia Innanlandsflugvalla á Akureyrar- og Egilsstaðaflugvelli varð stofnunin vör við að á skiltum félagsins á bílastæðum þess var tekið fram að sjálfvirk gjaldtaka ætti sér stað eftir fyrstu 14 klukkustundirnar án þess að fram kæmu upplýsingar um hvort virkja þurfi þjónustuna sérstaklega eða að einhver gjöld leggist á viðverugjaldið við að nýta sjálfvirku gjaldtökuna.
26. Að mati Neytendastofu getur almenn skírskotun til sjálfvirkrar gjaldtöku verið villandi fyrir neytendur sé ekki tekið fram með skýrum hætti hvort og hvernig virkja þurfi lausnina. Neytandi sem er upplýstur um sjálfvirk greiðslukerfi án frekari skýringa gæti talið að krafa verði send í heimabanka sinn vegna viðverunnar og að hann þurfi þ.a.l. ekki að aðhafast neitt frekar. Getur það orðið til þess að neytanda berist síðar krafa fyrir viðverugjaldið að viðbættu þjónustugjaldi vegna vangreiddrar viðveru sem annars hefði ekki þurft að greiða hefði neytandi greitt með einhverri þeirra stafrænu greiðslulausna sem standi til boða á svæðinu. Þá telur Neytendastofa að ekki sé hægt að gera þá kröfu til neytenda að afla sér upplýsinga um sjálfvirka gjaldtöku á vefsíðu félagsins þegar sjálfvirk gjaldtaka er auglýst án skilyrða á skiltum félagsins. Auk fyrrnefnds er ekki hægt að gera ráð fyrir því að upplýsingagjöf til neytenda um að myndavélar skrái bifreið inn og út af svæðinu eða að upplýsingar um verð fyrir viðveru sé til þess fallin að neytandi átti sig á því að virkja þurfi sjálfvirk greiðslukerfi sérstaklega.
27. Með vísan til framangreinds braut Isavia Innanlandsflugvellir gegn ákvæðum 1. mgr. 8. gr. og 2. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005 með því að gefa neytendum til kynna að til staðar væri sjálfvirk gjaldtaka án þess að taka fram að virkja þurfi það sérstaklega.
28. Undir rekstri málsins tóku í gildi ný markaðssetningarlög nr. 44/2026 en við gildistöku þeirra féllu úr gildi lög nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Breytingarnar sem innleiddar voru með lögum nr. 44/2026 höfðu ekki í för með sér efnislegar breytingar er viðkemur viðskiptaháttum fyrirtækja, líkt og um er deilt í fyrirliggjandi máli, sbr. ákvæði þágildandi laga nr. 57/2005.
29. Við ákvörðun stjórnarsýsluviðurlaga tekur Neytendastofa mið af meginreglu 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 um lagaskil refsilöggjafar (*lex mitior*). Brot vörðuðu stjórnvaldssektum samkvæmt ákvæði a. liðar 1. mgr. 22. gr. laga 57/2005 en sektarramma



vegna þeirra var hækkaður sbr. 3. mgr. 33. gr. laga nr. 44/2026. Af framansögðu verður með hliðsjón af 2. gr. almennra hegningarlaga tekið mið af ákvæðum laga nr. 57/2005 við ákvörðun stjórnvaldssektar en í því felst lægri sektarramma en núgildandi ákvæði laga nr. 44/2026 kveða á um.

30. Með vísan til framangreinds og með heimild í 3. mgr. 33. gr. laga nr. 44/2026 telur Neytendastofa rétt að leggja á sekt í samræmi við heimildir laganna. Með vísan til framangreindra sjónarmiða, meðalhófsreglu og jafnræðisreglu stjórnsýslulaga, umbótavilja og aðgerða félagsins í kjölfar athugasemda stofnunarinnar og þeirra víðtæku áhrifa sem brotið hafði á neytendur á meðan á því stóð þykir Neytendastofu hæfilegt að leggja á Isavia Innanlandsflugvelli ehf. stjórnvaldssekt að fjárhæð 200.000 kr. (tvö hundruð þúsund krónur).

III.

Ákvörðunarorð:

„Isavia Innanlandsflugvelli ehf., Reykjavíkflugvelli, 101 Reykjavík, hafa með því að gefa neytendum til kynna að til staðar sé sjálfvirk gjaldtaka án þess að taka fram að virkja þurfi það sérstaklega, brotið gegn 1. mgr. 8. gr. og 2. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.

Með heimild í 33. gr. markaðssetningarlaga nr. 44/2026 leggur Neytendastofa stjórnvaldssekt á Isavia Innanlandsflugvelli ehf. að fjárhæð 200.000,- kr. (tvö hundruð þúsund krónur) vegna brotsins. Sektina skal greiða í ríkissjóð innan þriggja mánaða frá dagsetningu ákvörðunarinnar.“

Neytendastofa, 29. júní 2026

Þórunn Anna Árnadóttir
forstjóri

Matthildur Sveinsdóttir